

Dags eftirlits	11.6.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Sveitarfélagið Hornafjörður	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Hafnarbraut 27, Höfn í Hornafirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590169-4639	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Xiaoling Yu	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	692965,529 428910,162

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum starfsleyfis kom fram við eftirlit er varðar hreinsun á hreinsivirki og þörf á umbótum á svæðinu handan þess.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með vettvangsheimsókn á urðunarstað Sveitarfélags Hornafjarðar við Lón í samræmi við ákvæði 57. gr. rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Starfsleyfi rekstraraðila var upphaflega gefið út þann 6. nóvember 2012. Fram fór breyting á því síðast árið 2022. Gildistími starfsleyfis er til 6. nóvember 2028. Umfang starfseminnar heimilar urðun á allt að 3.000 t af almennum úrgangi og jarðgerð á allt að 500 t af lífrænum úrgangi.

Umfang boðaðs eftirlits var:

- 1) Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- 2) Farið yfir starfsleyfið
- 3) Eftirlitsmælingar og skráningar
- 4) Áætlanir og viðbrögð
- 5) Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- 6) Kynning á meðfylgjandi gögnum
- 7) Önnur mál
- 8) Skoðunarferð á urðunarstað

1. Engin frávik eru opin hjá rekstraraðila og ekki er gert ráð fyrir meiriháttar breytingum á starfsemi. Móttekið magn til urðunar og jarðgerðar er innan heimilda, en rétt er að benda á að framleiðendur moltu frá jarðgerð ber að tilkynna slíkt til Matvælastofnunar.

2. Farið var yfir helstu atriði starfsleyfisins og var m.a. fjallað um að gildistími starfsleyfisins sé til 6. nóvember 2028 og gott sé að sveitarfélagið sé meðvitað um það varðandi frekari áætlanir og þá undirbúning á endurnýjun starfsleyfis.

3. Rekstraraðili skilaði inn Umhverfisupplýsingum vegna ársins 2024 þann 3. apríl sl., Farið var yfir skráningar og niðurstöður vöktunar og eru engar athugasemdir lagðar fram vegna þeirra.

4. Engar athugasemdir eru lagðar fram vegna áætlana, viðbragðsáætlun á grundvelli 18. gr laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er til staðar.

5. Í eftirliti var farið yfir áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og gefur niðurstöðu um árlegt eftirlit.

6. Meðfylgjandi fundarboði eftirlits fylgdi erindi varðandi breytingar á fyrirkomulagi eftirlits hjá Umhverfis- og orkustofnun og voru kynnt rekstraraðila sem og leiðbeiningar varðandi olíuskiljur. Fjallað var um breytingar á rg. nr. 990/2008 um útstreymisbókhald og áhrif þeirra breytinga á skil frá rekstraraðila.

7. Til umfjöllunar voru þá helst staða úrgangsmála í sveitarfélaginu sem önnur mál á dagskrá.

8. Farið var í vettvangsskoðun inn á urðunarstað, aðkoma er takmörkuð með læstu hliði og girðingar eru í lagi. Framkvæmdir við undirbúning að nýju urðunarhólfi voru nýafstaðnar þegar eftirlit fór fram og var urðunarhólfid tilbúið til notkunar.

gr. 2.1 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal draga úr því álagi sem starfsemi urðunarstaðarins veldur á umhverfið, þ.m.t. vegna sigvatns. Handan hreinsivirki urðunarstaðarins er þörf á umbótum bæði umhverfis hreinsivirkið og þannig að vatn renni greiðar frá virkinu og farvegur vatnsins skal bættur þannig að ekki myndast aðstæður sem geta hefta virkni hreinsivirkisins líkt og teppa í frárennsli eða óæskileg uppbygging vatns við það. Smávegis af rusli var einnig að finna á svæðinu

ANNAÐ

Rekstraraðili kannaði aðstæður hreinsivirkis frekar eftir eftirlit og fékk með sér ráðgjafa og var niðurstaðan sú að líklegast væri um útfellingar umhverfis hreinsivirkið vegna járnnoxandi baktería og járnnoxíðs í vatninu að ræða þar sem jarðvegurinn á svæðinu innihaldi af náttúrulegum ástæðum hlutfallslega há gildi af járn. Sýndi rekstraraðili fram á slíkar aðstæður á svæðinu óháð urðunarstaðnum. Niðurstöður vöktunar sigvatns styðja að hreinsun þess er góð og að ekki sé lífrænt álag í sigvatni. Æskilegt er að fylgjast með hreinsivirki og hreinsa með reglulegu millibili. Slíkt myndi takmarka myndun á bakteríum eða útfellingum sem miðað við núverandi ástand gerir virkið útsett fyrir.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,



Halla Margrét Viðarsdóttir